

Öflun upplýsinga úr sakaskrá, leiðbeiningar.

Hvers vegna þarf að skila inn sakavottorðsheimild?

Í íþróttalögum og æskulýðslögum kemur fram að það er óheimilt að ráða til starfa aðila sem hafa hlotið dóm gegn ávana- og fíkniefnalögum síðastliðin fimm ár eða dóm gegn kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Í sömu lögum er þessum félögum veitt heimild til þess að leita upplýsinga í sakaskrá þeirra sem félögin mynda ráðningarsamband við sem og sjálfboðaliða sem sinna börnum og ungmennum.

Hverjir eiga að skila þessu inn?

Allir starfsmenn sem félagið er með ráðningarsamband við og koma á einhvern hátt nálægt börnum og ungmennum í starfi félagsins. Það sama gildir um sjálfboðaliða sem vinna með börnum og ungmennum.

Hvernig á að gera þetta?

Notið annað hvort eyðublaðið; *Eyðublað. Sakaskrárheimild íþróttafélag* eða *Eyðublað. Sakaskrárheimild æskulýðsfélag*.

1) Gerið skjalið að ykkar eigin með því að setja merki félags og upplýsingar þess á þartilgerða staði.

2) Fáid viðkomandi starfsmann eða sjálfboðaliða til að skrifa undir eyðublaðið.

Eyðublaðið er fjölnota. Á meðan samfelldt ráðningarsamband er við aðilann má sækjast eftir þessum upplýsingum reglulega. Nauðsynlegt er að fletta aðilum upp við nýráðningu (áður en viðkomandi tekur til starfa) og góð vinnuregla er að endurtaka það síðan á 1-2 ára fresti. Mælt er með því að geyma undirrituðu eyðublöðin á traustum stað þar sem umsjónaraðili verksins hefur aðgang að.

3) Útbúa þarf lista með nöfnum og kennitölum þeirra sem verið er að afla upplýsinga um. Þann lista þarf sá sem sinnir verkinu fyrir félagið að prenta út og kvitta undir með nafni sínu og kennitölu sem staðfestingu fyrir hönd félagsins. Samhliða þessum lista þarf að senda inn afrit af öllum eyðublöðunum.

4) Senda þarf þetta rafrænt á: sigrigur.laxness@saksoknari.is

Svar mun berast aftur tilbaka frá ríkissaksóknara. ATH! Hvert félag getur sent þetta inn fyrir sig eða leitað aðstoðar hjá sínum regnhlífasamtökum.

5) Ef svar berst um að starfsmaður eða sjálfboðaliði hafi fengið dóm vegna ofangreindra laga er félaginu óheimilt að hafa þann aðila í starfi eða sem sjálfboðaliða með börnum. Vinsamlegast leitið til samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs með málið í þeim tilfellum.